

# REGLUGERÐ

## um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum.

### 1. gr.

#### Markmið.

Markmiðið með þessari reglugerð er að auka öryggi og líkur á björgun farþega og áhafnar á íslenskum farþegaskipum sem sigla til og frá höfnum innan EES-svæðisins og farþegaskipum sem sigla til og frá höfnum á Íslandi og að tryggja að staðið verði á skilvirkari hátt að leit og björgun og eftirmálum slysa sem kunna að bera að höndum.

### 2. gr.

#### Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *einstaklingar* eru allir um borð, óháð aldri;
- b) *farþegaskip* er skip eða háhraðafar sem flytur fleiri en tólf farþega;
- c) *háhraðafar* er háhraðafar eins og það er skilgreint í 1. reglu X. kafla alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) samkvæmt nýjustu útgáfu hans;
- d) *fyrirtæki* er eigandi farþegaskips eða annar aðili, t.d. framkvæmdastjóri eða leigutaki þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið ábyrgð á rekstri farþegaskips frá eiganda;
- e) *ISM-kóði* er alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, samþykktur af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993;
- f) *umsjónarmaður farþegaskráningar* er einstaklingur sem fyrirtæki hefur tilnefnt til að sjá um að ákvæðum ISM-kóðans sé fullnægt, eftir atvikum, eða einstaklingur sem félag tilnefnir til að senda upplýsingar um einstaklinga sem stíga um borð í farþegaskip félagsins;
- g) *sjómíla* er 1.852 metrar;
- i) *áætlunarferðir* eru siglingar skips milli tveggja eða fleiri hafna eða siglingar til og frá einni höfn án viðkomu á öðrum stöðum, annaðhvort:
  - a) samkvæmt áætlun, eða
  - b) með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða;
- j) *þriðja land* er hvert það land sem er ekki EES-ríki; og
- k) *SOLAS* er alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu, 1974.
- l) *hafnarsvæði* er svæði eins og það er skilgreint í r-lið 2. gr. tilskipunar 2009/45/EB;
- m) *skemmtisnekkja* eða *skemmtibátur* er skip sem ekki er nýtt í atvinnuskyni, óháð knúningsmáta.

### 3. gr.

#### Gildissvið.

Þessi reglugerð gildir um farþegaskip, að undanskildum:

- a) Herskipum og liðsflutningsskipum;
- b) Skemmtisnekkjum og skemmtibátum;
- c) Skipum sem eru einungis starfrækt innan hafnarsvæðis eða á skipagengum vatnaleiðum.

### 4. gr.

#### Talning einstaklinga.

Telja skal alla einstaklinga um borð í sérhverju farþegaskipi, sem lætur úr höfn á Íslandi og um borð í sérhverju íslensku farþegaskipi sem lætur úr höfn í öðru EES-ríki fyrir brottför skipsins.

Fyrir brottför farþegaskipsins skal tilkynna skipstjóra skipsins um fjölda einstaklinga um borð og nota viðeigandi tækniaðferð til að tilkynna um fjöldann í gegnum sameiginlega gagnagátt vaktstöðvar siglinga skv. reglugerð nr. 619/2017.

#### 5. gr.

##### *Skráningarskyldar upplýsingar.*

Þegar farþegaskip siglir úr höfn á Íslandi eða íslenskt farþegaskip leggur úr höfn í öðru EES-ríki, í þeim tilgangi að hefja sjóferð þar sem vegalengdin frá brottfararhöfn að næstu viðkomuhöfn er meiri en 20 sjómílar, skal skrá eftirfarandi upplýsingar:

- a) Kenninöfn, eiginnöfn, kyn, þjóðerni og fæðingardag allra einstaklinga um borð;
- b) Upplýsingar um hvort viðkomandi þurfi á sérstakri umönnun eða aðstoð að halda í neyðartilviki, ef farþegi býður þær sjálfviljugur;

Safna skal þeim upplýsingum sem skráðar eru í 1. mgr. fyrir brottför farþegaskipsins og tilkynna þær í gegnum sameiginlega gagnagátt vaktstöðvar siglinga skv. reglugerð nr. 619/2017 við brottför farþegaskipsins en eigi síðar en 15 mínútum eftir brottför þess.

Án þess að hafa áhrif á aðrar lagaskyldur sem kunna að vera til staðar og samræmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, skulu persónuupplýsingar sem safnað er í samræmi við þessa reglugerð ekki unnar eða notaðar í neinum öðrum tilgangi. Slíkar persónuupplýsingar skulu ávallt meðhöndlaðar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og skal þeim eytt sjálfvirk og án ástæðulausrar tafar um leið og þeirra er ekki lengur þörf.

#### 6. gr.

##### *Ábyrgð fyrirtækis.*

Fyrirtæki sem rekur farþegaskip sem siglir undir íslenskum fána og lætur úr höfn utan EES-svæðisins og stefnir til hafnar innan EES-svæðisins, skal sjá til þess að upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr., séu látnar í té eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr.

Fyrirtæki sem rekur farþegaskip sem siglir undir fána þriðja lands og lætur úr höfn utan EES-svæðisins og stefnir til hafnar á Íslandi, skal sjá til þess að upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr., séu látnar í té eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr.

#### 7. gr.

##### *Hámarksfjöldi einstaklinga.*

Fyrir brottför farþegaskips, sem lætur úr höfn á Íslandi, svo og farþegaskips, sem siglir undir íslenskum fána frá erlendri höfn, skal skipstjóri sjá til þess að fjöldi einstaklinga um borð sé ekki meiri en sá fjöldi sem farþegaskipið hefur heimild til að flytja.

#### 8. gr. Skráning og meðferð upplýsinga.

Hvert það félag sem ber ábyrgð á rekstri farþegaskips skal, þegar þess er krafist skv. 4. og 5. gr. skipa umsjónarmann farþegaskráninga sem ber ábyrgð á að tilkynna þær upplýsingar sem um getur í þeim ákvæðum, í gegnum sameiginlega gagnagátt vaktstöðvar siglinga skv. reglugerð nr. 619/2017.

Félagið skal ekki geyma persónuupplýsingar sem safnað er í samræmi við 5. gr. lengur en þörf krefur að því er varðar reglugerðina og í öllum tilvikum aðeins fram að þeirri stundu þar sem viðkomandi sjóferð hefur lokið örugglega og gögnin verið tilkynnt í gegnum sameiginlega gagnagátt vaktstöðvar siglinga skv. reglugerð nr. 619/2017. Án þess að hafa áhrif á aðrar sértækar lagaskyldur, svo sem vegna tölfræðivinnslu á grundvelli laga, reglugerða eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla, skal upplýsingunum, þegar ekki er lengur þörf á þeim í þessum tilgangi, eytt sjálfvirk og án ástæðulausrar tafar.

Sérhvert félag skal tryggja að upplýsingar um farþega, sem látið hafa í ljós að þeir þurfi á sérstakri umönnun eða aðstoð að halda í neyðartilviki, séu skráðar með tilhlýðilegum hætti og tilkynntar skipstjóra fyrir brottför farþegaskipsins.

## 9. gr.

*Undanþágur.*

Samgöngustofu er heimilt að veita farþegaskipum undanþágu frá því að tilkynna fjölda um borð skv. 4. gr. í sameiginlega gagnagátt vaktstöðvar siglinga skv. reglugerð nr. 619/2017, að því tilskildu að skipið sé ekki háhraðafar, það sigli áætlunarferðir sem taka innan við klukkustund milli hafna og sigli einungis á hafsvæði D, sbr. reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum nr. 666/2001 með áorðnum breytingum ásamt viðaukum. Þá skal undanþága einungis veitt ef nálægð við leitar- og björgunarþjónustu er tryggð á hafsvæðinu.

Samgöngustofu er heimilt að veita farþegaskipum sem sigla milli tveggja hafna eða til og frá sömu höfn án viðkomu á öðrum stöðum, undanþágu frá skyldum skv. 5. gr. reglugerðarinnar að því tilskildu að skipið sigli einungis á hafsvæði D, sbr. reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum nr. 666/2001 með áorðnum breytingum ásamt viðaukum og að nálægð við leitar- og björgunarþjónustu sé tryggð á hafsvæðinu.

Í þessu skyni skal leggja fram sannanir fyrir því að skráning sé ógerleg. Auk þess skal sýna fram á að á svæðinu, þar sem slík skip eru gerð út, sé fyrir hendi siglingaleiðsögubúnaður í landi og áreiðanlegar veðurspár, auk videigandi og fullnægjandi leitar- og björgunarbúnaðar. Undanþágur, sem veittar eru samkvæmt þessari málsgrein, mega ekki hamla samkeppni.

Óheimilt er að veita undanþágu neinu því farþegaskipi sem siglir frá höfn á Íslandi undir fána þriðja lands sem er samningsaðili að SOLAS-samningnum og það land samþykkir ekki beitingu slíkra undanþágna samkvæmt þeim samningi.

## 10. gr.

*Skráningarkerfi og stjórnvöld.*

Fyrirtæki skulu hafa verklag við gagnaskráningu sem tryggir að upplýsingar sem krafist er samkvæmt reglugerðinni séu tilkynntar tímanlega og á nákvæman hátt.

Landhelgisgæslan skal hafa aðgang að upplýsingum skráðum á grundvelli reglugerðar þessarar.

Landhelgisgæslan, önnur stjórnvöld eða aðrir aðilar sem fá aðgang að upplýsingum á grundvelli reglugerðar þessarar vegna hlutverks síns skulu ekki geyma persónuupplýsingar sem aflað er í samræmi við 5. gr. lengur en nauðsynlegt er vegna reglugerðar þessarar og í öllum tilvikum ekki lengur en:

- a) Þar til viðkomandi sjóferð hefur verið örugglega lokið, en undir öllum kringumstæðum eigi lengur en þar til 60 dögum eftir brottför skipsins, eða;
- b) Í neyðartilviki eða vegna eftirmála slyss, þar til rannsókn eða dómsmálum er lokið.

Með fyrirvara um aðrar sértækar lagaskyldur, svo sem vegna tölfræðivinnslu á grundvelli laga, reglugerða eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla, skal upplýsingunum, þegar ekki er lengur þörf á þeim í þessum tilgangi, eytt sjálfvirk og án ástæðulausrar tafar.

## 11. gr.

*Söfnun og meðferð upplýsinga.*

Við framkvæmd þessarar reglugerðar skal safna þeim gögnum og upplýsingum sem er krafist og skrá þau þannig að það valdi farþegum sem stíga um borð eða frá borði ekki ónauðsynlegum töfum.

Forðast skal að gagnaöflun fari fram mörgum sinnum á sömu eða svipuðum leiðum.

Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð skal fara fram í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

## 12. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 29. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

## 13. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993 og með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja bandalagsins, öðlast þegar gildi. Ákvæði 5. gr. um skráningarskyldar upplýsingar tekur gildi 1. nóvember 2000.

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.